



Við þátttökuaðlögun er tiltekinn upphafsdagur skólagöngu barnsins og þann dag mætið þið foreldrar og börnin saman í skólann. Þið eru með börnunum inn á deild allan tímann í þrjá daga. Það sem felst í ykkar starfi þessa daga er að aðstoða barnið ykkar í morgunmat/hádegismat og nónhressingu, klæða það út/inn, skipta á barninu, koma því í svefn og vera til staðar. Þessa daga eru kennarar meira sem áhorfendur en eru að sjálfsgöðu með ykkur í þessu ferli, bera ábyrgð á öllu dagskipulagi og deila út verkefnum.

Dagur 1. Mæting kl. 09:00 – 11:00. Foreldri er með barninu allan tímann. Deildin, skólinn og útisvæði skoðað.

Dagur 2. Mæting kl. 09:00-14:00. Foreldri er með barninu allan tímann sem það er vakandi og tekur þátt í starfi skólans. Þegar barnið hvílist gefst foreldrum tækifæri til að slaka á utan deildar og spjalla saman.

Dagur 3. Mæting kl. 8:15-15:00. Foreldri er með barninu allan tímann sem það er vakandi og tekur þátt í starfi skólans. Þegar barnið hvílist gefst foreldrum tækifæri til að slaka á utan deildar og spjalla saman.

Dagur 4. Foreldrar kveðja barnið fljótlega eftir að komið er í skólann og barnið er sótt í fyrri lagi.

Það er aðeins gert ráð fyrir að annað foreldrið sé með í aðlöguninni og gott er ef það er alltaf sá hinn sami.

Af virðingu við börnin og starfsemi skólans er ekki leyfilegt að vera með GSM síma á meðan á aðlögun stendur.

Mikilvægt er að þið virðið þær reglur sem eru viðhafðar á deildinni og í skólanum almennt.

Þá eruð þið og gestir vinsamlegast beðin um að gæta þagmælsku og trúmennsku við skólann og ræða ekki annars staðar það sem þið sjáið og heyrið varðandi persónuleg málefni annarra foreldra, barna eða kennara.

Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um skipulag skólans og sjá kennara í verki. Þeir kynnast ekki bara kennurum heldur öðrum börnum og foreldrum. Meðal kosta sem kennarar sjá við þátttökuaðlögunina er að það skapast meiri nánd við foreldrana.

Bestu kveðjur með von um árangursríkt samstarf, kennarar Naustatjarnar.